


Dalalæðan



Dalalæðan

7. árg. 1.tbl. Janúar 1994

Útgefandi: Íbúasamtókin Víghóll í Mosfellsdal

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason

Ritnesfnd: Auður Eiríksdóttir, Ásgeir Índriðason og
Gísli Jóhannsson

Auglýsingar: Auglýsingastofa Ásgeirs

Tölvuvinnsla: Frosti Jónsson og Ómar Guðrúnsson

Fjöldritun: Fjölbrautaskólinn í Gardabæ

Aðalfundur.

Aðalfundur Víghóls var haldinn í Reykjadal 17. nóv. '93 og mættu 11 manns. Margt bar á góma s.s. hvort hægt væri að flytja brennustæðið á betri stað og var autt svæði austan Lundar helst talið koma til greina. Þá var greint frá erfiði og árangri í skólaakstursmálum. Ástandið virðist vera þolanlegt hvað yngri börnin varðar en ekki er það sama hægt að segja með eldri börnin. Aðalástæðan er sú að gagnfræðaskólahúsið er allt of lítið og ekki er hægt að hafa samræmda stundatöflu þegar rúmlega 300 nemendur eru í skólanum og mæta þau því á mismunandi tínum frá degi til dags. Það er ósk okkar Dalbúa að bætt verði við skólahúsnaðið fyrir næsta haust svo betur gangi að skipuleggja skólastarsið og stundatöflur barnanna og áætlunarferðir í Dalinn í samræmi við það. Einnig var talað um að nauðsynlegt væri að fá fleiri skilti sem sýndu hámarkshraða hér í Dalnum og að brýnt væri orðið að reyna að lagfæra reiðleiðir. Þá var skýrt frá nýjum skipulagstillögum bæjarstjórnar s.s. breytingar á Pingvallavegi þar sem hann kemur út frá Vesturlandsvegi, fyrirhugaður nýr kirkjugarður við Mosfell, stækkun golfvallarins o.fl. Þá var líka sagt frá nýju trjáræktarlandnámi í Dalnum. Í stjórn voru kosin: Gísli Jóhannsson Hveramýri, Auður Eiríksdóttir Laugabóli og Ásgeir Indriðason frá Vífígerði.

Meira um brennumál.

Valið var nýtt brennustæði við Lund þar sem flestum þótti nóg komið af sundæfingum við Hrísbrúarbrennu. Minnug snjóbrennunnar, þegar árið '92 var kvatt, þá var sent út dreifibréf með hvatningarorðum til Dalbúa að stafla efni jafnóðum og fólk bar það til brennunnar. Prátt fyrir það hafði miklu af naglaspýtum verið dreift vítt og breitt um svæðið. Tók Gísli Snorrason sig til og fór á grófunni til að róta spýtnabrákinu upp í hrúgu og skemmdust við það grófudekkin þegar þau fengu

Dalannáll 1993.

Brennumál.

Árið '92 var brennt burt með mjög sérkennilegum tilþrifum. Spýtnabraki hafði verið dreift um viðan völl kringum brennustæðið í Hrísbúarlandi. Ofankoman var mikil af undarlegu, hvítu duftkenndu efni sem gott þótti að geyma spýtur undir. Þegar svo átti að athuga hvort skveikjuhæfur köstur hefði myndast kom í ljós að svo var ekki. Purfti stórtækjar vinnuvélar til að leita að spýtum og öðru eldfimu efni innan um hvíta duftið sem lá yfir öllu. Loks tókst að hrauka þessu upp og gengu galvaskir menn fram í því að reyna að tendra bál. Purfti marga olíusarma til að koma glóð í spýturnar. Þegar hitna tók kom í ljós að hvíta efnið breyttist í vatn og virkaði mjög letjandi á bálið. En allt tókst þetta að lokum og var árið '92 sungið út við snarkandi vatnsbál og fólk vaðandi vatns- og olíuelginn. En hvað um það !

Í apríl á kalsönum laugardegi mættu nokkrir vaskir Dalbúar til þess að hreinsa svæðið eftir snjóbrennuna frægu. Lögðu bæjarstarfsmenn til stóra kerru sem ruslið var sett í og sáu svo um að fjarlægja það af staðnum.

Porrablót.

Pann 30. jan. var þorrablotið haldið með heiðri og sóma eins og venjulega. Vel var mætt í Hlégarð og allir skemmtu sér konunglega. Dalalæðan kom út rétt fyrir blót svo sem venja er orðin.

Gróðurreitur.

Fámennt var við gróðurstörf í trjáreitnum okkar við Furuvelli. Má heita að fullbúið sé að planta trjám en þörf er á að snyrta kringum þau. Völlur hefur verið sléttáður og verður e.t.v. hægt að koma fyrir leiktækjum þar með tíð og tíma.

holundarsár af naglafarganinu. Það eru vinsamleg tilmæli frá stjórn Víghóls að spýtum og öðru efni sé staflað upp jafnóðum og fólk kemur með það til brennunnar. Það er ekki sjálfsagt að einhver annar komi og lagi til eftir mann. En sem sagt, höfum þetta á hreinu fyrir næstu brennu. Veðrið var einstaklega gott sl. gamlárskvöld og logaði mjög hressilega í brennunni. Fjöldi fólks mætti og var sungið við undirleik þeirrar stórgóðu hljómsveitar Dalbúa sem kallar sig „Brak og bresti“. Eitthvað var um að fólk yrði fótaskortur í stórgrýtinu þarna. Kom fram sú hugmynd að hittast þarna um Jónsmessuleytið og hreinsa til mesta stórgrýtið og hafa síðan grillveislu og Jónsmessubál. Góð hugmynd, ekki satt? Athugum málið.

Auður Eiríksdóttir

Villiblóm

Ég geng um auðnir lands míns.

Um svarta sanda, mela og gráar klappir.

Ég geng í ríki sortans

ekkert er einstakt

en sjá:


á stilki undir steini

stendur þú

villiblóm

og veðrið skiptir ekki lengur máli.

Stolzi



BÍLAVERKSTÆÐI

Guðvarðar og Kjartans

Flugumýri 16 c, Mosfellsbær

Sími 666257 – Forsími 985 36057

Kennitala 101246-2809 – VSK.nr. 6841

Smáauglýsingar

Bíllinn er fundinn og er til sölu með sprungið hedd.

Gústi í Hveramýri.

Dalbúar.

Vinsamlega naglhreinsið allt timbur fyrir næstu brennu.

Gísli í Brekkukoti.

Keytuleginn silungur til sölu.

Póri í Laxnesi.

Jólaballinu er frestað fram að páskum.

Nefndin.

Afmæli

Hreinn Ólafsson í Helgadal verður sextugur þann 17. júlí.

Pórarinn Jónasson í Laxnesi verður fimmtugur 26. apríl.


Steinunn Guðmundsdóttir í Dalsgarði verður fimmtug 17. júní.

Ásgerður Gísladóttir á Hrísbру verður fimmtug 16. okt.

Dalalæðan óskar þessu ágaeta fólk til hamingju.

ABSALON
HÁRSNYRTISTOFA • URDARHOLT 4 • SÍMI 668500

ÁSLÁKUR



Reykjabúið hf.

Græningjarnir í

Dalnum.

Eins og flestir kannast við þá hefur verið plantað gríðarlega mikið af trjám hér í Dalnum síðast liðin tvö sumur.

Má þar fyrst nefna að Skógræktarfélagið með hjálp Vinnuskólans plantaði sumarið '92 í norðurhlíðar Æsustaðafjalls:

25.500	stafasura (1 árs)
22.000	stafasura (2 ára)
13.000	Síberíulerki
325	Rússalerki
1.320	sitkagreni
1.900	birkiplöntur plantað af Dalbúum
Samt. 64.000	

Sumarið '93 var haldið áfram og nú var N-Reykjaland tekið fyrir. Frá landamerkjum við Æsustaði að Skammaskarði. Þar var plantað af skógræktinni (Skógræktarfélag Mosfellsbæjar) með hjálp Vinnuskólans:

24.000	birkiplöntur (1 árs)
10.600	stafasura
3.200	Síberíulerki
1.200	sitkagreni
Samt. 39.000	

Í austurhlíðar Helgafells vestan Skammaskarðs hefur verið plantað stafasuru á vegum Reykjavíkurborgar.

Að Mosfelli hafa stofnanir, félög og einstaklingar fengið úthlutað landspildum til skógræktar og landgræðslu.

Íslandsbanki er með móann hægra megin við veginn upp að Mosfelli. Spildan afmarkast af veginum og landamerkjunum

við Minna-Mosfell niður að ánni. Þar hefur verið plantað mest birki, ösp og víði.

Soroptimistakonur hafa plantað neðan kirkjugarðs ýmsum tegundum. Vinnuskólinn hefur plantað fyrir neðan prestsbústaðinn. Lionsmenn hafa plantað í túnið neðst í brekkunni í tilraunareit með norsku birki sem fengið var frá Mógilsá og plantað samkvæmt því sem tilheyrir slíkum reitum. Kalli í Últíma hefur fengið gilið við kirkjuna til að planta í. Hann hyggst planta mörgum tegundum af trjám og hefur svæðið fengið nafnið Karlslunde.

Dalbúar hafa fengið bakkann fyrir sunnan á, þ.e.a.s. frá Mosfellsbrú og upp að eyrinni þar sem hringvöllurinn er og tökum við þar snarlega til hendinni í vor. Auk þess var Dalbúum úthlutað öllum þeim hluta af fjallinu sem tilheyrir kirkjustaðnum.

Í Tjaldanesi hefur verið plantað mikið af stærri trjám. Í Reykjadal hefur einnig verið plantað mikið. Meðal annars asparskógi á hlöðustykkið. En svæðið þar er teiknað og skipulagt af Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt.

Auk þess hafa einstaklingar plantað mikið af trjám. Má þar nefna golfvöllinn, Laugarbakka, Móskóga og margar fleiri.

Gvendarreitur er fullkláraður sumarið '93. Er nú bara að njóta staðarins.

Í viðtali við Guðrúnú Hafsteinsdóttur, formann Skógræktarfélagsins, og Oddgeir garðyrkjustjóra þá eru framtíðaráform þau að planta hringinn um Dalinn misbreiðu belti af trjám og er víða verið að semja við landeigendur um land til skógræktar.

Gísli Jóhannsson.



KAUPFÉLAG KJALARNESPINGS

Mosfellsbæ

Sími 666 226 – Kaupfélagsstjóri 666 450



ísfugl

Kirkjan og Krónikan

Kirkjan okkar að Mosfelli hefur verið lokað um nokkurt skeið vegna viðgerða og endurnýjunar en 12. des. sl. var fyrsta messa að loknum breytingum og var vel mætt í kirkju. Breytingar eru þær helstar að lagt hefur verið hellugólf í kirkjuna í stað teppa sem áður voru og venjulegir ofnar settir í stað geislahitunar. Af þessu tilefni birtir Dalalæðan kafla úr Innansveitarkroniku eftir Halldór Laxness þar sem sagt er frá Mosfellskirkju hinni nýju.

Eftirmáli

4ða apríl 1965 þegar Mosfellskirkja hin nýa var vígð, gjöf Stefáns Þorlákssonar, ein segurst kirkja og best búin sem nú stendur á Íslandi, þá bárust henni ýmsar veglegar gjafir. Flestar komu gjafir þessar frá ættmennahópum í sókninni, niðjum þeirra manna er fyrir eina tíð höfðu séð kirkju sinni er þeir trúðu á jafnað við jörð hér á hólnum. Ný kynslóð fagnaði nú kirkju lángfeðga sinna er hún var aftur risin á þessum sama hól eða réttara að segja ofan stigin úr því háu túni sem hún þaðan hafði mænt yfir Mosfellsdal um sinn og geymdu hennar þrjú jórandi lömb.

Meðal þessara gjafa voru margir dýrgripir, sumt af góðmálmi, sumt listaverk snillínga; þar voru í meðal ljósahjálmar og kertastjakar, blómker og málverk; einnegin messuklæði og dúkar; forláta skírnarsár af silfri ger, á stöpli.

Sjálf er kirkjan þiljuð í hólf og gólf með dýrum viði mjög unnum og sæti öll mjúklega stoppuð. Ósýnileg hitaleiðsla í veggjum og gólfí. Klukkur hríngja án klukkara ef þrýst er á typpi, annaðhvort þegar í stað ellegar stilla má fyrirfram á ákveðinn dægramund, því kerfið er aukið úrverki.

Nú er búið að styðja á typpið. Sólin glampar á marglit

þök bisreiða sem standa í þéttri kös altískrígum guðshúsið útum hlöð og tún. En hún skín einnin innum gluggann í Mosfellskirkju einsog forðum tīð meðan ekki var til bíll og einginn vissi hvað orðið erfiði þýddi. Og með því kominn er sumarmánuður í almanakinu, og þó sumarmánuður sé aðallega miðaður við kindur, þá dirfist samt vorfuglinn heiðló að kvaka feimnum þó vonglöðum rómi ofanúr Kirkjugili, sá fugl sem hljóp samsíða Ólafi á Hríðbrú þá er hann reið með klukku í fángi sér yfir Skriðuna.

Ekki má láta undir höfuð leggjast með öllu að geta þess að ofangreind gömul klukka, hún kom aftur alkomin í gær. Hann Íngimundur kallinn á Hríðbrú, einn af teingdasonum þessara gömlu hríðbrúarkarla, skilaði henni kvöldið fyrir vígslu með álíka sjálfsögðum hætti og þegar verið er að skila prestlambinu úr fóðrunum.

Skipulagsmál

Tillaga að skipulagi fyrir Mosfellsbæ liggur nú frammi í Hlégarði. Þar eru nokkrar tillögur sem tengjast Mosfellsdal, m.a. tillögur að þéttbýli í landi Hraðastaða og Laugabóls. Þá er gert ráð fyrir nýjum kirkjugarði austan við heimreiðina að Mosfelli sunnan Köldukvíslar. Einnig er gert ráð fyrir að golfvöllurinn stækki verulega til vesturs. Loks verður samkvæmt tillögunum vegurinn yfir Ása færður norður að Köldukvísl.

Hlin
Blómahús
Mosfellsbæ

Astfell
Bokabúið

Umfari

Umfari nefndist skrifað sveitarblað Mosfellinga. Það hóf göngu sína 1896 og mun Björn Bjarnason í Reykjavík (nú Reykjahvoli) síðar Grasgarholti, hafa verið aðaldriffjöðrin í útgáfu blaðsins. Oftast tók Umsara 5-6 vikur að berast um sveitina en hann var skrifaður yfir vetrartímann og ætis Í var leiðin sú sama: frá Reykjatorfunni um Úlfarsfell, Þormóðsdal, Miðdal, Elliðakot, Hólm og þaðan niður með Bugðu og Elliðaánum, síðan þaðan inn í sveitir uns hann varst velktur og lasburða um Dalinn og síðan yfir Skainmadal og í hendur Björns Bjarnasonar á nýjan leik. Leiðin var oft torsótt, einkum um Suðursveitina þar sem langt var á milli bæja, ár allar óbrúaðar og fólk ekki ætis tilbúið að leggja á sig langa leið að bera snepilinn að tarna ef ekkert þarslegra var erindið. Stundum höfðu karlarnir krotað strákslegar athugasemdir og eru þær vart prenthæfar. Dalbúar fengu sem sagt síðastir allra að njóta kræsinganna og fengu þeir trúlega ágætt yfirlit um hugarsar manna syðra samkvæmt þessu.

Efni Umsara var eðlilega tengt því sem þótti brýnast. Vel skrifuð þjóðsaga um Árnakrók er í 1.árg. og birt er skrá yfir bækur Lestrarfélagsins sem fróðlegt er að lesa. Framfaramál ýmis lágu mönnum mjög á hjarta. Áskorun um að brúa Úlfarsá er í 2.árg. svo dæmi sé nefnt. Þá voru skrifaðar langlokur um nauðsyn nýrrar réttar, en réttin við Árnakrók við Selvatn þótti ekki nógu góð enda gott hleðslugrjót þar af skornum skammti. Vildu Suðursveitarmenn eðlilega halda í þá gömlu og þóttu mikil firn það sem búfræðingnum í Reykjavík fannst um þetta. Þess má geta að Hafnarvatnsrétt var byggð nokkrum árum seinna eða um aldamótin. Kveðskapur var nokkur, m.a. orti Símon Dalaskáld:

Umfari er besta blað
býsna margt sem prýðir.
Margir rita menn í það
menntaðir og fróðir.

Hér er annað sýnishorn, kvæðið sennilega ort af
Suðursveitarmanni (Eggert í Hólmi?):

Reyndu enn að renna skeið
rýr þó sért og magur.
Kvíddu ei, þó löng sé leið
langur er nú dagur.
Og þú hvíldur eins og nýr
umferð margt nú greiðir
ruddir vegir, byggðar brýr
beinar allar leiðir.
Því mun eigi undra neinn
áfram greitt þú skundir
ef þú stendur byrinn beinn
báða vængi undir.

Pegar Umfara hafði verið haldið úti um 4 ár dalaði honum
mjög og tók allan kraft úr honum uns hann hætti skyndilega
útkomu. Hann er varðveittur í Handritadeild
Landsbókasafnsins.

Guðjón Sigþór Jensson.



NÓATÚN

MOSFELLSBÆ - SÍMI 666656



Bankinn er bakhjarl

BÚNAÐARBANKINN

Mosfellsbæ, sími 667000

Frumspor bítlahljómsveitarinnar

Benjamíns í Mosfellsdal.

Það er einkennilegt hvað hlutirnir geta verið skrítir. Um daginn, þegar ég ætlaði til rakarans, þá var hringt ofan úr Mosfellssveit og þá er spurt: "Heyrðu, hvernig var það annars? Var ekki einhver bítlahljómsveit þarna upp í Mosfellsdal, hérrna um árið? Hvernig var þetta allt saman? Gæturðu nokkuð gert grein fyrir því?" - Þessu var ekki auðvelt að svara. - Það er aldrei að vita svaraði ég og kvaddi. Það var gaman að heyra röddina úr Mosfellssveit.

Þetta byrjað allt upp í Selholti. Þar var Hilmar. Hann las heimsbókmennir og hann átti gítar. Gítarinn hafði hann fengið í fermingargjöf, ég vissi aldrei hvar hann fékk bækurnar. Við höfðum kynnt í Mosfellssveitarrútunni. Mosfellsrútan var menningarmiðstöð á hjólum, og brúsapallar og stoppistöðvar voru félagsmiðstöðvar unglunga í þá daga. Ég kom oft til Hilmars, honum gekk vel í skólanum og hann hafði góðan tíma til að sinna hugðarefnum sínum.

Hilmar var kominn með gítarinn. Þetta var asskoti góður gítar af rússneskri gerð með stillanlegum hálsi. Ég man hann ennþá. Hann kunni ekert á gítarinn. Hann sat bara með hann í höndunum. Það var þá sem þetta allt saman byrjaði. - En hann var fljótur að komast upp á lagið. Ég heimsótti hann oft. Hann spilaði á gítarinn og ég las fyrir hann á meðan. Hilmar byrjaði á einum streng og bætti svo fleirum við, og að lokum var hann farinn að spil á þá alla, - já og á alla í einu. - Var furða þótt mér brygði. Drengurinn var farinn að spila á gítar. Hann hafði skellt sér á sjóinn og var búinn að ná sér í gítar og magnara. Tónar sólögítarsins flýðu út í kvöldkyrrðina.

Ég kom oft til hans. Svo var það eitt kvöldið. Hilmar sat með gítarinn að vanda. Ég var eitthvað að rjátla út við gluggann. Það var eitthvað bilað hjá honum í gardínonum. Ég

ætlaði að laga þetta fyrir hann.

Pá gerðist nokkuð underlegt. Ég var staddur með gardínugorminn í höndunum, ég teygði hann, og ætlaði að festa hann á krókinn. -Pá gerðist það, ég var allt í einu farinn að leika einleik á gardínugorminn!

-Hilmar varð agndosa. "Pú ættir að fá þér bassagítar" sagði hann.

-"Ha!" sagði ég -"af hverju segirðu það?"

-"Jú" sagði hann. "Maður sem leikur einleik á gardínugorm eins og hann sé að leika á kontrabassa. - Hann ætti að fá sér bassagítar."

Par með var það afráðið. Það var alveg ljóst hvert leið míni lá uppfraða því. Stuttu síðar er ég komin með bassagítar. Þá steig ég míni fyrstu spor á tónlistarbrautinni. Nú ég byrjaði náttúrlega svo að segja með tvær hendur tómar. Já, auðvitað fyrir utan bassagítarinn, en, það hefur nú svo sem margur byrjað þannig og það hefur nú bara oft gefist vel. Ég hafði góðan kennara, þar sem Hilmar var. Og veitti hann mér mikinn stuðning þegar ég steig míni fyrstu spor í tónfræði og hljóðfærslætti.

Leið okkar Hilmars lá í Garðyrkjuskólann og upp úr því í hljómsveit með tveim bræðrum úr Reykjavík. Hljómsveit þessi hétt Lávarðadeildin. Hóf hún feril sinn í Hótel Hveragerði en lávarðar þessir heita Jón Finnsson og Bjarni Finnsson.

Hefur það ævinlega verið okkur mikill heiður að hafa leikið með þeim Lávörðum báðum.

Pessum dögum okkar með Lávörðunum var lokið. Nýir tímar tóku við. Það var búið að slá saman í nýja hljómsveit upp í Mosfellsdal. Hún var skírð Benjamín. Í henni voru tveir strákar ofan úr dal, annar var bróðir Hilmars og hinn átti heima í Reykjahlíð. Það voru allt Mosfellingar í þessari hljómsveit.

Eitt kvöld tökum við Hilmar rótuna upp í Mosfellssveit, stökkvum úr við Hraðastaði og göngum léttstígir suður á holtið. Hljómsveitin Benjamín er búin að fá æsingaaðstöðu í

sumarbústað í Hraðastaðalandi. Strákarnir eru farnir að bíða. Við greikkum sporið. Fjarlægur ómur úr holtinu berst til okkar, við sjáum grilla í bústaðinn. Skærir tónar gítarsins berast til okkar, það er komin tónlist í holtið. Það var ekki eftir neinu að bíða. Það er gengið hratt suður Brennholtið. Þungar drunur bassatrommunnar drífa okkur inn í bústaðinn. Þar situr ungur maður við trommusetið. -Hér er kominn Porkell Jóelsson, það er hann sem leikur á trommurnar.- "Það var mikið að þið komuð, voruð þið að drolla við brúsapallana, karlarnir? Alltaf í gömlum sögum."- Þungar drunur bassatrommunnar berast um holtið. Hár skerandi tónn rafgítarsins rífur sig upp úr drununum. Hér er kominn Ómar Önfjörð Magnússon. -Hann spilar blús.... Við Hilmar Önfjörð Magnússon stingum í samband, -Petta var óvenju rokkað kvöld.

Evert K. Ingólfsson frá Helgadal.

INGAELÍK

OPID
LAUGARDAGA
FRÁ 10-15

KERAMIK & GLER

ÁLAFOSSEVEGI 18 – 270 MOSFELLSBÆR – ☎ 668081.

snb
Mosfellsbakarí[®]
Urðarholti 2 Sími 666145

ÁLFTÁRÓS
Smíðjuvegi 11 200 Kópavogur Sími 91-641340



MOSFELLS APÓTEK

Í gömlum bréfakassa úr Mosfellshreppi sem geymdur er á Þjóðskjalasafninu má finna eftirfarandi auglýsingu.

Auglýsing:

Laugardaginn 21. þ.m. verður opinbert uppboð haldið í Laxnesi á ýmislegum munum, bókum, smisðatólum, fatnaði og ýmislegum búsgögnum.

Söluskilmaðar verða á uppboðsstaðnum nákvæmar auglýstir.

Suður-Gröf 15 da nóv. 1863.

S. Bjarnason

(hreppstjóri)

(Suður-Gröf heitir nú Grafarholt og hreppstjórinn hét Símon.)

DALADUL

Undirritaður hefur að undanföru safnað dulrænum frásögnum sem tengjast fólk í úr Mosfellsdal og er ætlunin að gefa þær út n.k. vor.

Dalbúar fyrr og síðar eru beðnir að hafa samband við mig sem fyrst ef þeir hafa frá einhverju dulrænu að segja.

Hægt er að senda mér skrifsaða frásögn og einnig er ég reiðubúin að skrá niður eftir munnlegri frásögn.

Bjarki Bjarnason.

S: 667098/668254/658800

Vissir Pú . . .

....að fyrstu dráttarvélarnar í Dalnum komu að Hrísbrú og Minna-Mosfelli. Þetta var í stríðslok og var Hrísbrúartraktorinn keyptur af ameríkska hernum. Hann var af gerðinni Fordson. En dráttarvélin á Minna-Mosfelli var hins vegar af gerðinni Farmal A og er enn ökusær og geymd á Minna-Mosfelli.

....að Ungmennafélagið Asturelding stóð á sínum tíma fyrir spróttamótum við Tjaldanes. Meðal þeirra sem kepptu þar í hlaupum var Sigurður Narfi Jakobsson sem keppti í 3000 m hlaupi og náði ágætum tíma.

....að á sínum tíma var hluti af kvikmynd tekin upp í landi Bringna syrir ofan Mosfellsdal. Þetta var kvikmyndin Lénharður sógei sem gerð var eftir leikriti Einars H. Kvarans. Kvíkmyndin þótti mjög dýr í framleiðslu og var hún af gárungum kölluð Féharður sógei!

....að árið 1977 var Íþróttasélagið Taðkvörn stofnað að Hvirfli í Mosfellsdal. Í Taðkvörn voru fyrst og fremst Dalbúar og var Bjarki Bjarnason kosinn formaður. Félagið starfaði með miklum blóma í fyrstu, stóð fyrir æsingum í spróttahúsini á Varmá og hélt einnig stórglæsilegan jólabasar í Hlégarði.

